

Margrét Björk Magnúsdóttir

Fornleifaskráning jarðarinnar

Ártúns á Kjalarnesi



Reykjavík 2010

Minjasafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 153

Forsíða: Ártún Kjalarsen um 1950, horft í norður. Ljósmyndari Þorsteinn Jósepsson
Kjalnesingar: Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður: Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður

© Minjasafn Reykjavíkur, Margrét Björk Magnúsdóttir

Skýrsla nr. 153

Reykjavík 2010


Öll réttindi áskilin

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| 1. Inngangur | 5 |
| 2. Almennt um verndun fornleifa og tilgang skráningar | 6 |
| 3. Skráningarsvæðið | 7 |
| 4. Fornleifaskráning | 9 |
| 4. Saga Ártúns 125653-308 | 12 |
| 5. Örnefni | 17 |
| 7. Fornleifaskrá Ártúns Kjalarnesi | 18 |
| 8. Samantekt og niðurstöður | 39 |
| Heimildir | 42 |
| Myndaskrá | 44 |
| Viðauki | 45 |

1. Inngangur

Minjasafn Reykjavíkur annast fornleifaskráningu í Reykjavík. Í þessari skýrslu er greint frá fornleifaúttekt á eyðibýlinu Ártúni á Kjallarnesi. Skráning á Kjallarnesi hófst árið 1999 í samvinnu við *þjóðminjasafn Íslands* og var *Gunnar Bollason* fenginn til þess að taka saman heimildir og skrifa sögu bæjanna. Frumskráði hann fornleifar í skráningarkerfið Sarp. Á árunum 2002 til 2003 gerði Minjasafni Reykjavíkur átak í vettvangsskráningu fornleifa á Kjallarnesi, en þá skráðu fornleifafræðingarnir Sólborg Una Pálsdóttir og Jóna Kristín Ámundadóttir stóran hluta af Kjallarnesi.



Mynd 1. Skráningarsvæðið, Ártún Kjallarnesi.

Haustið 2006 var höfð samvinna við *Háskóla Íslands* um að fara yfir skráningu nokkurra jarða á Kjallarnesi, þar á meðal jarðarinnar Ártúns. Sú vinna fór fram á námskeiðinu „Fornleifarannsókn á vettvangi“. Kennari var *Guðmundur Ólafsson* fornleifafræðingur og leiðbeindi hann nemendum við fornleifaskráningu á Kjallarnesi. Þá var farið skipulega yfir jörðina Ártún og minjar skráðar og staðsettar af nemendum *Margréti Björk Magnúsdóttur* og *Davíð Braga Konráðssyni*.

Þessi skráningarskýrsla byggir á gögnum fyrr nefndra aðila og viðtölum við staðkunnuga. Rætt var við núverandi eigendur að Ártúni þau Ásthildi Skjaldardóttur og Birgi Aðalsteinsson bændur á Bakka, Kristrúnu Ósk Kalmansdóttur, sem er fædd og uppalin í Ártúni og Önnu

Margréti Sigurðardóttur í Saurbæ. Eru þeim öllum færðar bestu þakkir fyrir fróðlegar upplýsingar, veitingar og gott samstarf.

Skyrslan hefst á því að fjallað er almennt um verndun fornleifa og tilgang og framkvæmd fornleifaskráningar. Þá er gerð grein fyrir skráningarsvæðinu og þeirri aðferð sem notuð er við fornleifaskráningu. Eftir það er farið yfir sögu jarðarinnar Ártúns, greint frá örnefnum og fornleifum í fornleifaskrá og í samantekt lagt mat á varðveislugildi minja sem finnast á jörðinni. Í viðauka er að finna töflu með samantekt á fjölda fornleifa, staðsetningu, aldri, hlutverki þeirra og tegund. Kort sem koma fyrir í skýrslunni voru unnin með tölvuhugbúnaðinum ArcGis í landsupplýsingar frá Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur, LUKR.

2. Almennt um verndun fornleifa og tilgang skráningar

Í þjóðminjalögum¹ kemur fram að skylt er að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskur menningararfur flyttist óspilltur til komandi kynslóða. Meðal þess sem telst til menningararfsins eru fornleifar sem eru í 9. grein þjóðminjalaga skilgreindar þannig:

- Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
 - haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - skipslök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr. Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir:

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

¹ Þjóðminjalög 107/2001.

Þetta á við um allar fornleifar, þekktar sem óþekktar, sbr. 13. grein:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskjú um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er einnig hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að hafa yfirlit yfir fornleifar þar sem unnið er að framkvæmdum. Þannig má minnka líkur á að óvænt finnist fornleifar sem nauðsynlega verður að rannsaka. Uppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er síður æskilegur frá sjónarmiði minjavörslu. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni þeirra sem standa að framkvæmdum.² Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, sbr. 14. grein þjóðminjalaga:

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggað geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Í þessari skýrslu er tekin saman skrá yfir þá staði sem geyma fornleifar og aðrar yngri menningarminjar innan jarðarinnar Ártúns á Kjalarne. Skráningin gefur gott yfirlit yfir minjar á jörðinni og með henni ætti að vera hægt að draga úr skemmdum á fornleifum ef til framkvæmda kemur, en auðvitað geta komið í ljós áður óþekktar fornleifar undan sverði.

3. Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið nær yfir jörðina Ártún á Kjalarne, sem liggur frá Blikdalsmynni í sjó fram, en við skráninguna var gengið út frá landamerkjum eins og þau voru árið 1890.³ Heimildir um landamerki Ártúns frá þeim tíma er að finna í skjölum frá árinu 1890, annars vegar í markalýsingu fyrir Saurbæ nr. 84 og hinsvegar í skjölum um landamerki Bakka nr. 83, en þá lágu þær jarðir að landi Ártúns.


² Ragnheiður Traustadóttir (2000), 8.

³ Landamerki Bakka á Kjalarne. Nr. 83. 1890.

³ Markalýsing fyrir Saurbæ á Kjalarne. Nr. 84. 1890.

„Fyrir Átrúni ræður að sunnan Ártúnsá frá sjó að Bleikdalsmynni en að norðanverðu eru mörk frá vörðu á melnum fyrir norðan Borgarmýrina bein lína norðanvert ásholtið fyrir vestan Kringlumýri og þaðan í þúfu á Grafarás upp að dalsmynni.“⁴

„Að norðanverðu ræður Ártúnsá að Bleikdalsmynni, þaðan ein landamerki í Urðargeira, þaðan í Pollalæk en úr Pollalæk ræður garðlag sem ber í þúfu sunnanvert við Grænhól, úr þeirri þúfu beina stefnu í Fjósgróf við sjó fram.“⁵



Mynd 2. Jarðamörk 1890.⁶

Sem fyrr liggur land Ártúns að jörðinni Bakka að sunnan og ræður Ártúnsá frá sjó að Blikdalsmynni. Að norðan liggur land Ártúns að jörðinni Dalsmynni, sem varð til árið 1930 þegar jörðinni Saurbæ var skipt, og að Melagerði og Melavöllum.⁷ Að sögn Ásthildar Skjaldardóttur bónda á Bakka voru Melagerði og Melavellir byggðir út úr Ártúni en bræðurnir Bjarni og Gunnar Þorvarðarsynir, sem voru bændur á Bakka frá árinu 1950 til 1997, seldu landspildur fyrir Melagerði árið 1975 og Melavelli árið 1979.⁸ Efrimörk jarðarinnar eru við mynni Blikdals sem er stór grösugur dalur í vestanverðri Esju. Dalurinn er nú allur í eigu Reykjavíkurborgar en skiptist áður á milli kirkjujarðanna í Saurbæ og Brautarholts. Blikdalur skiptist eftir ánni sem rennur eftir honum miðjum og átti Saurbær dalinn að norðanverðu en

⁴ Markalýsing fyrir Saurbæ á Kjalarnesi. Nr. 84. 1890.

⁵ Landamerki Bakka á Kjalarnesi. Nr. 83. 1890.

⁶ Jarðamörk eru sett fram án ábyrgðar.


⁷ Þorsteinn Jónsson (1998), 109.

⁸ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 3.

Brautarholt að sunnanverðu. Dalurinn hefur löngum verið nýttur til uppreksturs búfjár frá bæjum á Kjalarnesi og áður fyrr voru þar einnig nokkrar selstöður sem enn má sjá minjar um.

4. Fornleifaskráning

Þegar fornleifar eru skráðar eru þær auðkenndar með nafni og númeri. Fornleifarnar eru skráðar í gagnagrunninn Sarp en þar eru þær flokkaðar eftir jörðum, eins og jarðaskipting var um 1835-45, og fá þrískipt auðkennisnúmer. Fyrst kemur landsnúmer sem Fasteignaskrá Íslands úthlutar, því næst númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók J. Johnsns frá 1847 en þriðji og síðasti hlutinn er hlaupandi tala sem er númer á skráðum minjum. Í þessu tilviki er fyrsti hlutinn landsnúmerið **125653** og annar hlutinn frá Jarðabók J. Johnsen er **308**. Þannig er auðkenni Ártúns: **Ártún 125653 308-1** en á mynd 3 má sjá staðsetningu og númer skráðra minja á jörðinni. Í fornleifaskrá er síðan eðli og einkennum minja lýst og skráð undir „**tegund**“. Ef heimild er fyrir minjum en þær finnast ekki á yfirborði, eru þær skráðar sem „**heimild**“ og vísað í heimildina, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Undir liðnum „**hlutverk**“ er því hlutverki lýst sem viðfangsefnið hafði þegar það var í notkun. Við „**aldur**“ fornleifa er skráð ártal frá því ári þegar viðfangsefnið var skapað og til þess árs þegar hætt var að nota það. Aldur minjanna er áætlaður út frá heimildum og minjunum sjálfum. Fornleifarnar eru hnittsettar í kerfinu **ISN93** en lýsing á staðsetningu og afstöðu minja í landslagi er undir „**staðhættir**“. Útlit og ástand minja á þeim tíma þegar þær voru skráðar og hnittsettar er sett undir „**lysing**“. Einnig er lagt mat á ástand minja og hvort þær séu í hættu af einhverjum ástæðum. Í heimildaskrá er vísað í heimildir og/eða heimildarmenn fyrir viðkomandi fornleifar.



Mynd 3. Minjakort.


Þeim hluta jarðarinnar sem liggur fyrir ofan og austan Vesturlandsveg virðist lítið sem ekkert hafa verið raskað frá því búskapur lagðist af á jörðinni 1956. Þar er því að finna vel varðveisstana bæjarhól þar sem tóftir síðasta bæjarins standa enn. Við skráninguna var bæjarhóll Ártúns og minjar sem tengjast landbúnaði mældar upp, teiknaðar og ljósmyndaðar en herminjar, sem er að finna í nokkrum mæli á jörðinni, voru ljósmyndaðar, stikaðar og staðsettar. Á minjakorti á mynd 3 má sjá skráðar og staðsettar minjar á allri jörðinni en mynd 4 sýnir minjar sem eru á og í kringum bæjarhólinn.




Mynd 4 Minjar í heimatúni.

Við skráninguna var rýnt í margskonar heimildir, loftmyndir, kort, örnefnaskrár og fleiri ritaðar heimildir og tíndir til þeir staðir sem hafa hugsanlega minjar að geyma ásamt því að ræða við staðkunnuga.

Túnakort Ártúns frá 1916 er ein af þeim heimildum sem rýnt var í en inná kortið voru einnig teiknuð mannvirki sem þá voru til staðar. Þegar túnakortið var lagt yfir nýlega loftmynd úr gagnagrunni LUKR kom í ljós að rústir flestra húsanna frá 1916 eru enn sjáanlegar eins og sjá má á mynd 4. Aðeins rúst eins mannvirkis er ekki lengur til staðar síðan kortið var gert en það var rúst af litlu hesthúsi sem stóð við traðirnar norðan megin en hún hefur horfið við lagningu Vesturlandsvegarins.



Mynd 5. Túnakort frá árinu 1916.⁹



Mynd 6. Túnakort frá árinu 1916 sett yfir loftmynd.¹⁰

⁹ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

¹⁰ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands, sett yfir loftljósmynd frá árinu 2008 úr gagnagrunninum LUKR.

4. Saga Ártúns 125653-308



Mynd 7. Ártún Kjalarnesi um 1950, horft í austur.¹¹

Ártún var talin lítil og kostarýr jörð. Hún var lengst af kirkjujörð frá Saurbæ, afbýli úr þeirri jörð og jafnframt ysti bær í Saurbæjarsókn. Jörðin fór í eyði á fardögum árið 1956 þegar síðustu ábúendur fluttu þaðan burt.¹² Ártúns er getið í Gíslamáldögum frá 1570 og síðar, en þá átti Saurbækarkirkja þrjátíu hundruð í heimalandinu ásamt tveimur kotum „...enn thad eru ij kot. Artun og Hiardarnes. X. Aura Landskyld af huorre.“¹³ Árið 1695 er Ártún kirkjujörð í bændaeign með fjögur og hálf kúgildi, 90 álnir í landleigu og skattálagningu 15 hundruð.¹⁴ Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1705 þá er Ártún kirkjujörð sem liggur til Saurbækarkirkju, og þar til proprietarius, eða eiganda sem var hr. lögmaður Sigurður Björnsson og bjó í Saurbæ. Einn ábúandi, Þórarinn Hallsson, er þá í Ártúni og galt hann í landskuld níutíu álnir með landaurum í fríðu eða dauðu, fóðri eða öðru. Áður galst hún í fiski að hluta þegar fiskgengd var góð í Hvalfirði og galst heim til eiganda. Leigukúgildi jarðarinnar eru þrjú og hálf og átti kirkjan í Saurbæ þau, en kúgildin höfðu áður verið fimm. Kvíkfénaður var fimm kýr, tvær kvígur veturgamlar, tveir kálfar, tólf ær með lömbum, ein geld, tíu sauðir veturgamlir og tveir hestar. Jörðin hafði selstöðu og beit fríð í Blikdal um sumar og vetur í landi Saurbæjar. Torfrista og stunga var talin bjargleg en reiðingsrista lítt nýtandi. Móskurð

¹¹ Ljósmynd: Þorsteinn Jósepsson. Þorsteinn Jónsson (1998), 121.

¹² Þorsteinn Jónsson (1998), 116.

¹³ *Diplomatarium Islandicum*. XV. 634.

¹⁴ Björn Lárusson. *The Old Icelandic land registers*.

hafði jörðin eftir nauðsyn í Saurbæjarlandi. Hvorki var hvannatekja eða rótargröftur teljandi. Sölvafjöru og fjörugrös nýtti jörðin fyrir Saurbæjarlandi og þang til eldiviðar var talið nægilegt auk þess sem talin var nokkur rekavon fyrir landi jarðarinnar. Skipsuppsátur var ekkert og engin lending, vatnsból erfitt um vetur og búopeningi var flæðihætt.¹⁵ Í Jarðamatí J. Johnsns frá 1847 var Ártún enn kirkjujörð og metin til fimmtán hundruða.¹⁶ Árið 1861 er Ártún metið á 15 forn hundruð og 8,7 ný hundruð.¹⁷ Í landamerkjabréfi frá 1890 fyrir Saurbæ, með Hjarðarneskoti og Ártúni, kemur fram að á Bleikdal eigi Ártún óskipta beit en slægjur fyrir neðan götu frá Selgilslæk að Heygilslæk.¹⁸ Árið 1896 búa í Ártúni Guðmundur Guðmundsson og Margrét Ólafsdóttir og búa þar til ársins 1898, en eftir það og til ársins 1913 búa þar Þorkell Ásmundsson og Guðrún Jónsdóttir. Frá 1914 til 1955 búa þar Gunnlaugur Sigurðsson og Guðrún Bjarnadóttir.¹⁹ Árið 1921 er heildarmat á Ártúni 31 hundrað.²⁰ Árið 1932 er heildarverðmat 38 hundruð, bæjarhús úr torfi og grjóti og miðstöð sögð komin í bæinn. Túnið er 2,2 hektarar og girt í kring og bústofninn er þrjár kýr, fimmtíu kindur og þrjú hross.²¹ Árið 1942 er fasteignamat Ártúns 42 hundruð, bústofn er þrjár kýr, þrjátíu kindur og fjórir hestar, og jörðin í einkaeign en leigð til ábúðar.²²

Síðustu ábúendur í Ártúni voru þau Böðvar Eyjólfsson og Anna Margrét Sigurðardóttir sem bjuggu þar í eitt ár, frá 1955 til 1956, en fóstri Önnu, Ólafur Eyjólfsson í Saurbæ, var eigandi Ártúns. Voríð 1956 var Ártún selt Lárusi Lúðvíkssyni í Reykjavík sem fékkst við fiskeldi í ánni. Sjá má minjar um framkvæmdir hans á bökkum Ártúnsár, austur af Kringlumýri. Nú er mestur hluti jarðarinnar eign bændanna á Bakka.²³ Í Fasteignabók frá 1956-70 er jörðin Ártún sögð auð en heildarmat er 15.500 krónur.²⁴

Tóftir síðasta bæjarins í Ártúni eru vel greinanlegar á bæjarhólnum þar sem röð bæjarhúsa snýr fram á hlað í suðvestur með tveimur húsum að baki. Framan við bæinn sér enn í kálgarð með greinilegri garðhleðslu austanmegin. Heimatúnið er líka vel greinanlegt í muni á gróðurfari og hafa útlínur lítið breyst frá því sem sjá má á túnakorti frá 1916. Þó hefur Vesturlandsvegurinn verið lagður í gegnum túnið í tvígang og á spildu á milli gamla og nýja vegarins hefur nú verið plantað trjám. Töluvvert er einnig af stríðsminjum á melunum fyrir norðan bæjarhólinn en á stríðsárunum var setuliðið með aðstöðu víðsvegar á Kjalarnesinu og var með aðstöðu öll stríðsárin í Dalsmynni sem er næsti bær við Ártún. Þar voru byggð braggahverfi sem og í landi Stekkjarkots og í Tíðarskarði.²⁵

¹⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín III bindi (1982), 373-374.

¹⁶ J. Johnsen (1847), 98.

¹⁷ Ný jarðabók fyrir Ísland, 41.

¹⁸ Markalýsing fyrir Saurbæ á Kjalarnesi. Nr. 84. 1890.

¹⁹ Þorsteinn Jónsson (1998), 117-121.

²⁰ Fasteignabók 1922, 18.

²¹ Fasteignabók 1932, 26.

²² Fasteignabók 1942, 83.

²³ Þorsteinn Jónsson (1998), 117-121.

²⁴ Fasteignabók I, 1956-70, 421.

²⁵ Þorsteinn Jónsson (1998), 111.



Mynd 8. Málverk frá Ártúni.²⁶

Kistrún Ósk Kalmansdóttir er fædd 23. mars í Ártúni. Þar ólst hún upp hjá hjónunum Gunnlaugi Sigurðssyni og Guðrúnu Bjarnadóttur en móðir hennar var uppeldisdóttir þeirra hjóna. Gunnlaugur, Guðrún og Kistrún voru síðustu íbúar torfbæjarins sem nú er orðinn að tóftum á bæjarhólnum í Ártúni. Leitað var til Kistrúnar um upplýsingar varðandi Ártún og greindi hún frá ýmsu sem varðaði búskap í Ártúni í hennar tíð og til hvers húsakynni voru síðast notuð.

Bærinn samanstóð af nokkrum samhliða húsum á bæjarhólnum. Að sögn Kistrúnar var skemma vestast í bæjarröðinni, þá baðstofa, bæjargöng og bún. Austast voru fjós og hænsnahús. Í bæinn var aldrei leitt vatn, rafmagn eða sími en sími var á næsta bæ, Dalsmynni, ef á þurfti að halda. Í skemmunni voru geymd matvæli og reiðtygi. Baðstofan var tveggja stafgólfa og voru tvö rúm hvorumegin, en þriðja stafgólfíð í húsinu var inngangur og eldhús. Á þaki baðstofunnar var að sögn Kistrúnar bárujárn sem tyrft var yfir. Í eldhúsinu var kolaeldavél sem hitaði húsið og eldað var á. Í Fasteignabók frá 1932 kemur fram að miðstöð sé komin í bæinn og er þá trúlega átt við kolaeldavélina. Kistrún sagði að áður en kolaeldavélin kom til hefði verið notað hlóðaeldhús sem var bakatil inn af bæjargöngum, eins og sjá má á túnakorti frá 1916, en lítil ummerki eru eftir hlóðaeldhúsið nema inngangurinn. Um 1940 var hlóðaeldhúsið fyllt upp og jafnað út til að bæta aðgengi heyvagna að hlöðunni.

²⁶ Kistrún Ósk Kalmansdóttir málaði þessa mynd af síðasta bænum í Ártúni. Birt með góðfúslegu leyfi höfundar. Ljósmynd: Margrét Björk Magnúsdóttir.

Kistrún minnist þess ekki að eldaður hafi verið matur í hlóðaeldhúsinu en man að þar var stöku sinnum soðinn þvottur í stórum potti sem einnig var notaður til að þvo í ull niður við á. Næst komu bæjargöng en úr þeim var einnig gengið inní búrið sem var til vinstri handar. Þar var geymdur matur í trétunnum, korn og fleira. Þar var einnig geymdur vatnsforði en allt vatn þurfti að sækja niður í á. Næsta hús var sex bása fjós og austast var svo hænsnahús sem hafði áður verið notað sem lambhús. Á milli fjóssins og hænsnahússins var settur niður kamar í tíð Kistrúnar. Bakatil austan megin á bæjarhólnum var niðurgrafen hlaða og vestan megin að baki skemmunni var hesthús. Tóftir þessara húsa eru nú grasigrónar og vel greinanlegar. Efst og norðaustan í heimatúninu er fjárhústóft með hlöðnum grjótgarði eftir miðju og sagði Kistrún að húsið hefði tekið fimmtíu kindur. Á túnakort frá 1916 er teiknað hús við traðirnar nyrst í heimatúninu sem ekki sér til í dag og hefur tóft þess sennilega farið undir núverandi Vesturlandsveg. Að sögn Kistrúnar var það lítið hesthús sem tók fjóra hesta og var það helst notað til að hýsa hesta ferðalanga. Traðirnar austur af bænum sem liggja niður að Ártúnsá sagði Kistrún að hefðu í hennar tíð eingöngu verið notaðar til að sækja vatn í ána. Aðkomu að bænum hefði verið norðvestan megin, hlaðvarpi við skemmuna og traðir sem lágu í norður framhjá litla hesthúsinu. Við traðirnar sagði hún að hefði verið líttill hóll sem kallaður var Traðarhóll og sumir notuðu til að komast á bak. Þessi slóði lagðist af þegar Vesturlandsvegurinn kom og myndaðist þá nýr slóði.²⁷

Í árdaga íslenskrar kvikmyndagerðar var Ártún mikið notað sem kvikmyndaver eða eins og segir í grein í *Morgunblaðsins* frá 1970: „Þetta var einskonar Hollywood Íslands um tíma og má muna fífil sinn fegri.“²⁸ Kvikmyndin *Milli fjalls og fjöru* er fyrsta íslenska kvikmyndin sem gerð var í fullri lengd og jafnframt fyrsta íslenska talmyndin. Loftur Guðmundsson gerði myndina árið 1949 og frumsýndi það sama ár. Myndin er trúlega elsta myndin sem er kvikmynduð í Ártúni en bærinn í myndinni er Ártún.²⁹ Bærinn kom einnig við sögu í tökum á kvikmyndinni *Síðasti bærinn í dalnum* eftir Loft Guðmundsson sem frumsýnd var árið 1950.³⁰ Þá bjuggu Bakkabræður í Ártúni í kvikmyndinni *Reykjavíkurævintýri Bakkabréðra* en það var gamanmynd eftir Loft Guðmundsson sem frumsýnd var árið 1951.³¹ Ártún kom einnig lítillega við sögu í kvikmyndinni *Sölkum Völku* sem Edda-film gerði og frumsýnd var árið 1954.³² Kvikmyndin *Gilitrutt* var frumsýnd árið 1957 en í myndinni eldar tröllskessan Gilitrutt matinn í Ártúni.³³

²⁷ Kistrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010).

²⁸ *Morgunblaðið* (19.03.1970), 6.

²⁹ *Kvikmyndir.is*. Skoðað 7.des. 2009. *Morgunblaðið* (30.06.1968), 3.

³⁰ Þorsteinn Jónsson (1998), 117.

³¹ *Morgunblaðið* (1970, 19. mars), 6. *Kvikmyndir.is*. Skoðað 7.des. 2009. *Morgunblaðið* (30.06.1968), 3

³² Þorsteinn Jónsson (1998), 117.

³³ *Kvikmyndir.is*, skoðað 7.des. 2009. *Morgunblaðið* (30.06.1968), 30), 3



Mynd 9. Ártún í vetrarbúningi, horft í suðaustur.³⁴

Skyringu á því hvers vegna Ártún kom svo mikið við sögu við upptöku á kvíkmyndum um miðja síðustu öld má kannski finna í því að Loftur Guðmundsson ljósmyndari og kvíkmyndagerðarmaður byggði sér sumarbústað í Ártúni árið 1945 eða 1946. Loftur var fæddur í Hvammsvík í Kjós árið 1892 og þekkti vel til á Kjalarnesinu. Sumarbústaðinn reisti Loftur rétt fyrir ofan heimatúnið og klettinn Hæring þar sem bústaðurinn stóð til ársins 1955 en Loftur lést árið 1952. Þegar hjónin Anna Margrét Sigurðardóttir og Böðvar Eyjólfsson fengu jörðina til ábúðar árið 1955, fluttu þau bústaðinn niður fyrir bæinn og bjuggu þar í honum í eitt ár. Bústaðin seldu þau seinna í Bergvík á Kjalarnesi.³⁵



Mynd 10. Ártún 1967.³⁶

³⁴ Ljósmynd: Þorsteinn Jósepsson. Þorsteinn Jónsson (1998), 120.

³⁵ Kristrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010). Anna Margrét Sigurðardóttir (munnleg heimild 06.01.2010).

³⁶ Ljósmynd: Þórður Snæland Kristjánsson. Þorsteinn Jónsson (1998), 124.

5. Örnefni

Örnefni í landslagi eru sérnöfn sem tengjast sögu og menningu og taka má undir með skáldinu Tómasi Guðmundssyni þegar hann segir „Landslag væri lítilsvirði ef það héti ekki neitt“. Örnefni eru nöfn sem fólk hefur gefið stöðum til að auðvelda sér umgengni um landið en örnefni geta nýst sem vegvisar á ferðum fólks og við smalamennsku svo dæmi sé tekið. Sum örnefni bera í sér lýsingu á staðháttum en önnur geta gefið vísbendingu um atferli og nýtingu fólks á landinu. Þau geta einnig falið í sér minni löngu liðinna atburða og mörg eiga iðulega einhverja forsögu og sum jafnvel fleiri en eina til útskýringar á nafninu.

Örnefnum hefur lengi verið safnað hér á landi og í örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru geymdar skrár yfir örnefni á flestum jörðum á Íslandi. Elsta skráin er yfir jörðina Framnes á Skeiðum dagsett 29. Október 1910 eftir Brynjúlf Bjarnason og er úr fórum Brynjúlfs Jónssonar frá Minna- Núpi.³⁷

Við fornleifaskráningu jarðarinnar var unnið upp úr örnefnaskrám fyrir Ártún og upplýsingum frá þeim Kristrúnu Ósk Kalmansdóttur, Önnu Margréti Sigurðardóttur, Ásthildi Skjaldardóttur og Birgi Aðalsteinssyni. Örnefnin voru svo staðsett á loftmynd af svæðinu í gagnagrunni LUKR sem sjá má á mynd 9. Á mynd 10 má svo sjá örnefni á hluta af jörðinni í heimatúni kringum bæjarhólinn.



Mynd 11. Örnefnakort.

³⁷ Örnefnasafn, skoðað 17.02.2010.



Mynd 12. Örnefni í heimatúni Ártúns.

7. Fornleifaskrá Ártúns Kjalarnesi

Ártún 125653 308 - 1

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 362717, Y: 421618

Ástand: Gott

Staðhættir

Á bökkum Ártúnsár/Blikdalsár norðanmegin, austan við Vesturlandsveg og þétt við veginn er bæjahóll Ártúns. Grasivaxinn hrossahagi.

Lýsing

Húsaskipan hefur breyst töluvert frá því að Túnakortið var teiknað 1916. Nyrstu byggingarnar og hólfir hafa líklega horfið rétt eins og norðvesturhluti kálgarðsins. Líklega má skýra hlykkinn á norðurhluta kálgarðsins með því að hér sé um eina litlu bygginguna að ræða sem rennur svo saman við vegg kálgarðsins á síðari tímum. Veggir bústaðarins standa enn að hluta uppi úr torfi og grjóti. Veggir eru alveg upp

í 1,80 m á hæð innst við bæjarhólinn. Greinanleg lög steina í hleðslu mest fimm til sex.



Mynd 13. Bæjarhóll Ártúns, teikning.³⁸


³⁸ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson, 7.

Ártún 125653 308 - 2

Hlutverk: Tóft
 Tegund: Heimild
 Aldur: 1916-1916
 Staðsetning: X: 362707, Y: 421626
 Hleðsluhæð: 1,2 m
 Lengd: 5 m
 Breidd: 3 m
 Ástand: Slæmt
 Horfin: Já
 Hættumat: Lítill hætta



Mynd 15. Skemma, horft í austur.⁴⁰



Mynd 14. Hluti Túnakorts 1916.³⁹

Staðhættir

Skráð tóft nyrst á bæjarhlaðinu á Túnakorti 1916.

Lýsing

Samkvæmt Túnakorti var húsið 3 x 5 m að stærð. Engin sýnileg ummerki eftir húsið.

Ártún 125653 308 - 3

Hlutverk: Skemma
 Tegund: Tóft
 Aldur: 1916-1956
 Staðsetning: X: 362711, Y: 421621
 Hleðsluhæð: 1,2 m
 Lengd: 4 m
 Breidd: 2 m
 Ástand: Gott
 Hættumat: Lítill hætta
 Heimildamaður: Kristrún Ósk Kalmansdóttir.

Staðhættir

Nyrsta sýnilega tóftin á bæjarstæði Ártúns.

Lýsing

Tóftin er grasivaxin, úr torfi og grjóti, 4 x 2 m að innanmáli. Hæsti veggurinn vestan megin er 1,2 m á hæð og veggjabykktin um 2 m og hleðslur standa. Veggurinn norðan megin er rúmur 1 m á hæð en eystri veggurinn aðeins 0,5 m þar sem hann er hæstur en hann er annars mjög hruninn. Tóftin er opin fram á hlaðið sunnan megin. Á túnakorti 1916 er ein tóft fyrir norðan þetta hús og húsið er teiknað sem hús úr torfi og grjóti með standþili. Kristrún Ósk Kalmansdóttir segir að í skemmunni hafi verið geymd matvæli og reiðtygi.⁴¹

Ártún 125653 308 - 4

Hlutverk: Baðstofa, eldhús
 Tegund: Tóft
 Aldur: 1916-1956
 Staðsetning: X: 362713, Y: 421617
 Hleðsluhæð: 1,80 m
 Lengd: 6 m
 Breidd: 2,5 m
 Ástand: Gott
 Hættumat: Lítill hætta

³⁹ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁴⁰ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 8.

⁴¹ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands. Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 8. Kristrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010).

Heimildamaður: Kristrún Ósk Kalmansdóttir.



Mynd 16. Baðstofa og eldhús, horft í austur.⁴²

Staðhættir

Næst nyrsta sýnilega tóftin á bæjarstæði Ártúns.

Lýsing

Tóftin er grasivaxin, úr torfi og grjóti, 6 x 2,5 m að innanmáli og opnast í suður frammá hlaðið. Grjóthlaðnir veggir eru mikið hrundir, austurveggur einna minnst. Norðurveggur er 1,80 m á hæð. Innst í tóftinni að austan er inngangur frá bæjargöngum.⁴³ Á túnakorti er tóftin merkt sem: Hús úr grjóti og torfi, veggir og gafhlöð með standþili.⁴⁴ Í bókinni

Kjalnesingar kemur fram að árið 1953 hafi verið komið járn á þak baðstofunnar sem hafi lengst af verið með torfbaki.⁴⁵

Ásthildur Skjaldardóttir bóndi á Bakka og núverandi eigandi að Ártúni, hefur það eftir móður sinni sem kom í bæinn á yngri árum að í þessu húsi hafi verið baðstofa með fjórum rúnum sem voru meðfram hliðarveggjum, tvö hvoru megin. Innst í húsinu var eldhúsið og þar var lítið borð til að matast við. Gluggi var á gaflinum sem sneri að hlaðinu.⁴⁶ Kristrún Ósk Kalmansdóttir segir húsið hafa verið

þriggja stafgólfa, baðstofan hafi verið tveggja stafgólfa en þriðja stafgólfið hafi verið inngangur og eldhús þar sem var eldað á kolaeldavél eftir að hlóðaeldhús var lagt af. Járn segir hún að hafi verið á húsinu en tyrfi yfir það.⁴⁷

Ártún 125653 308 - 5

Hlutverk: Bæjargöng

Tegund: Tóft

Aldur: 1916-1956

Staðsetning: X: 362716, Y: 421613

Hleðsluhæð: 1,60 m

Lengd: 6 m

Breidd: 1 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítill hætta



Mynd 17. Bæjargöng, horft í norðaustur.⁴⁸

Staðhættir

Þriðja sýnilega tóftin frá norðri í húsaröð á bæjarstæði Ártúns.

Lýsing

Tóftin er grasivaxin, úr torfi og grjóti, 6 x 1 m að innanmáli. Veggir hrundir en syðst við inngang standa hleðslur enn. Innst í bæjargöngunum eru dyr til beggja handa og inn af gögunum er tóft númer 308-6.⁴⁹ Á túnakorti er tóftin merkt sem: Hús úr grjóti og torfi, með standþili.⁵⁰ Kristrún

⁴² Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 8.

⁴³ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 8.

⁴⁴ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁴⁵ Þorsteinn Jónsson (1998), 117.

⁴⁶ Ásthildur Skjaldardóttir (munnleg heimild).

⁴⁷ Kristrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010).

⁴⁸ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 9.

⁴⁹ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 9.

⁵⁰ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

Kalmansdóttir segir að frá göngunum hafi verið gengið í baðstofu til vinstri og búr til hægri en innst inn í hlóðaeldhús, áður en fyllt var upp í það.⁵¹

Ártún 125653 308 - 6

Hlutverk: Hlóðaeldhús

Tegund: Tóft, heimild

Aldur: 1916-1940

Staðsetning: X: 362719, Y: 421616

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 1 m

Breidd: 2 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítill hætta

Heimildamaður: Kristrún Ósk

Kalmansdóttir.



Mynd 18. Inngangur í hlóðaeldhús, horft í norður.⁵²

Staðhættir

Tóftin er inn af bæjargögum 308-5.

Lýsing

Inn af bæjargögum er grasivaxin tóft úr torfi og grjóti, 1 x 2 m að innanmáli. Stórt járnror 40 sm í þvermál og nær 70 sm á lengd liggar inn eftir tóftinni og virðist hafa tilheyrt húsinu. Innsti veggur er 1,5 m á hæð. Tóftin er opin í suðvestur og eru timburleifar við inngang, hugsanlega leifar af þili.⁵³ Á túnakort er teiknað hús, 3 x 2 m,

úr torfi og grjóti með inngangi frá bæjargögum.⁵⁴ Kristrún Ósk Kalmansdóttir man eftir hlóðaeldhúsinu sem í hennar tíð var aðeins notað til að sjóða þvott en um 1940 var fyllt upp í húsið og það jafnað út til að bæta aðgengi hevvagna að hlöðunni sem var fyrir aftan bæ.⁵⁵ Tóftin sem nú er sjáanleg er því leifar af inngangi í húsið sem var hlóðaeldhús.

Ártún 125653 308 - 7

Hlutverk: Búr

Tegund: Tóft

Aldur: 1916-1956

Staðsetning: X: 362718, Y: 421611

Hleðsluhæð: 1,60 m

Lengd: 4 m

Breidd: 2 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítill hætta

Heimildamaður: Kristrún Ósk

Kalmansdóttir.



Mynd 19. Búr, horft í austur.⁵⁶

Staðhættir

Fjórða sýnilega tóftin í húsaröð á bæjarstæði Ártúns frá norðri.

Lýsing

Tóftin er heilleg, grasivaxin, úr torfi og grjóti. Inngangur í tóftina er frá

⁵¹ Kristrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010).

⁵² Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 9.

⁵³ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 9.

⁵⁴ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁵⁵ Kristrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010).

⁵⁶ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 9.

bæjargöngum á vesturhlið en tóftin er lokað fram á hlaðið. Veggir vestan og sunnan megin eru mjög heillegir. Hæð á vesturvegg er 1,40 m, hæð á suðurvegg 1 m, hæð á norðurvegg 1,60 m. Hrunið hefur úr austur-og norðurvegg inn í tóftina. Innanmál tóftar er 4 x 2 m. Sund gengur upp á milli búrs og útihúss 308-8.⁵⁷ Á túnakorti er húsið teiknað úr torfi og grjóti.⁵⁸ Kristrún Ósk Kalmansdóttir sagði að búrið hefði verið matargeymsla þar sem matvæli voru geymd í trétunnum, korn og fleira. Þar var einnig geymdur vatnsforði en allt vatn var sótt í fótum niður í á.⁵⁹

Ártún 125653 308 - 8

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Aldur: 1916-1956

Staðsetning: X: 362722, Y: 421604

Hleðsluhæð: 1,70 m

Lengd: 3 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítill hætta

Heimildamaður: Kristrún Ósk

Kalmansdóttir.

Staðhættir

Fimmta sýnilega tóftin í húsaröð á bæjarstæði Ártúns frá norðri.

Lýsing

Tóftin er grasivaxin, úr torfi og grjóti en mikið hrunin. Hleðslur sjást á vesturvegg en mikið er hrunið úr norður- og austurvegg. Tóftin er opin fram á hlaðið. Nyrðri hluti vesturveggjar er 1,70 m og lækkar í suður í 0,40 m. Hæð á norðurvegg er 1,60 m. Austurveggur er hæstur innst, 1,30 m en hallar í suður og jafnast við jörð.⁶⁰ Á túnakorti er húsið teiknað úr torfi

og grjóti.⁶¹ Kristrún Ósk Kalmansdóttir segir þetta hafa verið sex bása fjós sem var ekki alltaf fullnýtt.⁶²



Mynd 20. Fjós, horft í norður.⁶³

Ártún 125653 308 – 9

Hlutverk: Hænsnahús

Tegund: Tóft

Aldur: 1916-1956

Staðsetning: X: 362727, Y: 421599

Hleðsluhæð: 1,40 m

Lengd: 3 m

Breidd: 1,30 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítill hætta

Heimildamaður: Kristrún Ósk

Kalmansdóttir.



Mynd 21. Hænsnahús, horft í norður.⁶⁴

⁵⁷ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 9.

⁵⁸ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁵⁹ Kristrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010).

⁶⁰ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 10.

⁶¹ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁶² Kristrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010).

⁶³ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 10.

Staðhættir

Sjötta sýnilega tóftin í húsaröð á bæjarstæði Ártúns frá norðri.

Lýsing

Tóftin er heilleg, grasivaxin, úr torfi og grjóti og stendur fast upp við tóft 308-8 og er austast í húsaröðinni. Innanmál tóftarinnar er 3 x 1,30 m. Syðri hluti vesturveggjar við traðirnar er heillegastur, 1,40 m á hæð. Austurveggur er 1,40 m á hæð og lækkar í 60 sm. Tóftin opnast fram á traðirnar.⁶⁵ Á túnakorti er húsið teiknað sem hús úr torfi og grjóti.⁶⁶ Kistrún Ósk Kalmansdóttir segir að húsið hafi verið notað sem lambhús en seinna sem hænsnahús.⁶⁷

Ártún 125653 308 - 10

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Niðurgröftur með hleðslu

Aldur: 1930-1956

Staðsetning: X: 362727, Y: 421614

Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 8 m

Breidd: 7 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítill hætta

Heimildamaður: Kistrún Ósk

Kalmansdóttir.

Staðhættir

Tóft hlöðunnar er í austurhluta bæjarhóls Ártúns, fyrir aftan úthús sem eru austast í húsaröðinni.



Mynd 22. Hlaða horft í austur.⁶⁸

Lýsing

Tóftin er niðurgrafen í bæjahólinn með grjóthleðslu. Dýpt tóftarinnar er 3 m við austur- og norðurhlíð, en 2 m við suður- og vesturhlíð. Tölувert er hrunið úr grjóthlöðnum veggjum hennar.⁶⁹ Á túnakorti 1916 eru teiknuð tvö samhliða hús úr grjóti og torfi á sama stað og hlaðan var byggð á fimmta áratug síðustu aldar.⁷⁰ Í bókinni Kjalnesingar er sagt að hlaðan sé dágóð með járnþaki en veggirnir torf og grjót.⁷¹ Kistrún Ósk Kalmansdóttir telur að þarna hafi áður verið heygarður.⁷²

Ártún 125653 308 - 11

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Aldur: 1916-1956

Staðsetning: X: 362717, Y: 421625

Hleðsluhæð: 1,80 m

Lengd: 3 m

Breidd: 3 m

Hættumat: Lítill hætta

Heimildamaður: Kistrún Ósk

Kalmansdóttir.

⁶⁴ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 10.

⁶⁵ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 10.

⁶⁶ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁶⁷ Kistrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010).

⁶⁸ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 10.

⁶⁹ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 11.

⁷⁰ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁷¹ Þorsteinn Jónsson (1998), 120.

⁷² Kistrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010).



Mynd 23. Hesthús fyrir norðan bæ, horft í suður.⁷³

Staðhættir

Tóftin liggur norðanmegin í bæjarhól Ártúns fyrir aftan skemmu og baðstofu. Samkvæmt túnakorti frá 1916 er hús úr torfi og grjóti á sama stað.⁷⁴

Lýsing

Tóftin er frekar heilleg, grasivaxin, úr torfi og grjóti, en töluvert er hrunið úr veggjum. Austur- og norðurveggir eru mikið hrundir, suðurveggur er heillegur þar sem steinhleðslur sjást en eru hrundar. Í vesturvegg sjást steinhleðslur vel og eru heillegar. Hæð veggja: austurveggur er hæstur 1,80 m og hruninn, suðurveggur er 1,60 m, vesturveggur er 1,50 m og lækkar til norðurs í 30 sm.⁷⁵ Var síðast notað sem hesthús.⁷⁶

Ártún 125653 308 - 12

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Aldur: 1916-1956

Staðsetning: X: 362707, Y: 421607

Lengd: 25 m

Breidd: 17 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítill hætta

Heimildamaður: Kristrún Ósk Kalmansdóttir.

Staðhættir

Kálgarðurinn liggur meðfram bæjarhlaði Ártúns. Á túnakorti er hann sagður 500 fermetrar og garður úr grjóti og torfi umhverfis hann.⁷⁷

Lýsing

Kálgarðurinn liggur samhliða bæjarhlaði 25 m í NV-SA og nær 17 m fram til suðvesturs. Kálgarðurinn er grasivaxin og hallar lítillega til norðausturs. Í kringum hann hefur verið garður og eru skýrar leifar af honum að sunnan.⁷⁸ Kristrún Ósk Kalmansdóttir segir að þar hafi þau ræktað kartöflur og rófur fyrir heimilið.⁷⁹



Mynd 24. Kálgarður, horft í suður.⁸⁰

Ártún 125653 308 - 13

Hlutverk: Úthús

Tegund: Tóft

Aldur: 1916

Staðsetning: X: 362705, Y: 421623

Hleðsluhæð: 0,50 m

Lengd: 5 m

Breidd: 2 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítill hætta

⁷³ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 11.

⁷⁴ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁷⁵ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 11.

⁷⁶ Kristrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010).

⁷⁷ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁷⁸ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 11.

⁷⁹ Kristrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010).

⁸⁰ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 11.

Heimildamaður: Kristrún Ósk Kalmansdóttir.

Staðhættir

Fast við norðurhorn kálgarðs er grjóthlaðinn tóftarhluti, trúlega leifar af húsi úr torfi og grjóti sem sýnt er á túnakorti 1916.⁸¹

Lýsing

Tveir veggir sjáanlegir. Heillegur veggur að vestanverðu 50 sm á hæð og 5 m á lengd. Veggur austanmegin samhliða kálgarði, 2 m á lengd, frekar hruninn.⁸² Kristrún Ósk Kalmansdóttir kannaðist ekki við að þarna hefði verið hús í hennar tíð.⁸³



Mynd 25. Útihús við norðurhorn kálgarðs, horft í austur.⁸⁴

Ártún 125653 308 - 14

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 362741, Y: 421619

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítill hætta

Staðhættir

Fast ofan og norðan við bæjarhólinn í Ártúni er garðlag sem liggur NV-SA.

Hugsanlega sami garður og sést á túnakorti.⁸⁵

⁸¹ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁸² Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 12.

⁸³ Kristrún Ósk Kalmansdóttir (munnleg heimild 07.01.2010).

⁸⁴ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 12.

⁸⁵ Túnakort 1916, Ártún, Þjóðskjalasafn Íslands.

Lýsing

Garðlagið er grasivaxið og engar hleðslur sjáanlegar. Það er 3 m á breidd og 16 m á lengd.⁸⁶



Mynd 26. Garðlag, horft í vestur.⁸⁷

Ártún 125653 308 - 15

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Aldur: 1916-1956

Staðsetning: X: 362748, Y: 421677

Hleðsluhæð: 0,90 m

Lengd: 12 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítill hætta

Heimildamaður: Kristrún Ósk Kalmansdóttir.



Mynd 27. Fjárhús 02, horft í austur.⁸⁸

⁸⁶ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 12.

⁸⁷ Margrét Björk Magnúsdóttir, Davíð Bragi Konráðsson (2006), 12.

Staðhættir

Fjárhústóftin stendur uppi á lítilli hæð um 65 m norðaustur frá bæjarhól Ártúns. Fjárhúsið er merkt inn á túnakort frá 1916.⁸⁹

Lýsing

Tóftin er ofarlega í túninu og snýr í NV-SA. Tóftin er opin í norðvestur og eftir miðju hennar er skýr grjóthleðsla. Austan megin upp við og samsíða fjárhúsínu er veggur 1 m á breidd og 90 sm á hæð, sem gæti verið leifar af heygarði. Í framhaldi af gafli fjárhússins sunnanmegin kemur gafl, 90 sm á hæð og lækkar niður í 40 sm.

Innanmál er 3 x 8 m og utanmál tóftanna er 12 x 7 m. Tóftin er heilleg, grjóthlaðin og grasivaxin.⁹⁰ Kristrún Ósk Kalmansdóttir segir að fjárhúsið hafi tekið fimmtíu kindur. Hún man ekki eftir heygarði við fjárhúsið og segir að allt hey hafi verið borið frá hlöðunni á bæjarhólnum.⁹¹

Ártún 125653 308 - 16

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Aldur: 1900-1956

Staðsetning: X: 362815, Y: 421709

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 2,5 m

Breidd: 1,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítill hætta

Staðhættir

Norðaustur af bæjarhól Ártúns, um 135 m frá, eru tvær grasivaxnar tóftir.

Lýsing

Í minni tóftinni eru sjáanlegar grjóthleðslur í suður- og vesturvegg. Veggjahæð er mest 1 m í vestur, á suðurhlíð lækkar veggurinn að jörð en að norðan lækkar veggurinn í

50 sm við op tóftarinnar sem snýr í austur. Innanmál 2,5 x 1,5 m.⁹²



Mynd 28. Útihús 3, horft í vestur.⁹³

Ártún 125653 308 - 17

Hlutverk: Stríðsminjar

Tegund: Niðurgröftur

Aldur: 1930-1944

Staðsetning: X: 362812, Y: 421715

Lengd: 5 m

Breidd: 14 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítill hætta

Heimildamaður: Kristrún Ósk Kalmansdóttir.

Staðhættir

